

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi Viðskiptaháskólans á Bifröst, Borgarbyggð.

Bæjarstjórn hefur samþykkt ofangreint skipulag.

Breytingin felst í nýjum byggingarreit fyrir nemendagarða, breyttri aðkomu varðandi bílastæði, sett inn byggingasvæði fyrir kennslu, þjónustu og rannsóknarhúsnæði, vegur að borholu mjókkaður og skilgreint athafnasvæði í kringum hana.

Deiliskipulagið hefur fengið meðhöndlun samkvæmt ákvæðum 18. gr. og 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af skipulagsstofnun samkvæmt ofangreindum lögum.

Ofangreint skipulag öðlast þegar gildi.

*Borgarnesi, 2. janúar 2004.*

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar,

**Sigurður Páll Harðarson.**